

Jóla hvað?

Hóflegt jólagjald stendur straum af jólaviðburðum, jólabæ, skreytingum auglýsingum og markaðskostnaði

Ljóst er að mikið verður um að vera í miðborginni á adventunni enda fer samkeppnin um viðskiptavinina vaxandi milli Kringlunnar, Smáralindar og miðborgarinnar. Ólíku er þó saman að jafna þegar kemur að ráðstöfunarfé til viðburðahalds, auglýsinga og markaðssetningar þar sem allhá föst óumsemjanleg gjöld eru lögð á alla kaupmenn verslanamiðstöðvanna árið um kring á meðan slíkt hefur almennt ekki tíðkast í miðborginni, ef frá er talið hóflegt jólagjald á ári hverju.

Jólabærinn í Hjartagarði á Hljómalindarreit verður opnaður 9. desember kl. 12:00 og hafa margir þegar óskað eftir söluaðstöðu á svæðinu auk þess sem ætlunin er að jólasveinar, kórar og margs kyns skemmtikraftar haldi uppi stemningu þar og víðs vegar um miðborgina. Kakóstöðvar verða starfræktar sem fyrr og jólaútlit Rásar 2 verður á sínum stað með öflugri umfjöllun um allt sem verður í boði í miðborginni. Þá er ljóst að óhjákvæmilegt verður að stofna til kostnaðar vegna skreytinga á nokkrum stöðum miðborgarinnar í ljósi stöðu Orkuveitunnar og vaxandi fjölda svæða sem bíða þess að framkvæmdir hefjist en eru til ama á meðan. Rekstraraðilar eru hvattir til að gera hver og einn sitt besta í þessum efnunum.

Allir saman nú!

Til að standa straum af herlegheitunum munu allir rekstraraðilar í miðborginni fá senda tvo 15.000 kr. giróseðla; þann fyrri í nóvember og þann síðari í desember.

Mikil áhersla er lögð á samstöðu rekstraraðila í jólaátakinu, bæði því sem lýtur að opnunartímum, skreytingum rýma og greiðslu jólagjaldsins. Rekstraraðilar eru líka hvattir til að sækja sér listamenn og skemmtikrafta til viðbótar við þá sem fyrir verða, allt slíkt mun hækka ánægjustigið og auka fjölda gesta og gangandi.

Ráðgert er að bjóða upp á Bílabíó í Stjörnuportu á adventunni, þá verður Jólapakkarall með tilbeyrandi viðhöfn í aðdraganda jóla, en á sl. ári fengu Mædrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálpin á annan tug troðfullra pappakassa af jólagjöfum til handa sínum s kjólstaðingum.



Með kraftmiklu og samstilltu átaki attu miðborgar kaupmenn, veitingamenn og aðrir rekstraraðilar ekki að þurfa að kvíða í aðdraganda jóla.



**MIDBORGAR - BRANDUR
HEFUR HLERAÐ...**



Midborgar-Brandur hefur hlerað...

...að samkvæmt heimildum úr innsta kjarna ferðapjónustunnar sé gríðarlega mikið af ferðamönnum á leið til Íslands í langar helgarferðir í nóvembermánuði. Flestir þeirra munu vera frá Norðurlöndunum, en einnig er von á umtalsverðum fjölda frá Bretlandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum svo eitthvað sé nefnt. Þetta þykja Miðborgar-Brandi góðar fréttir...



NÝTT

SPLUNKUNÝTT
GJAFAKORT MIÐBORGARINNAR
OKKAR ER KOMIÐ!



Ný heimasíða Miðborgarinnar okkar

– Gagnvirkni og glæsilegt útlit!


Samhliða því að nýtt gjafakort Miðborgarinnar okkar kemur á markað, verður um komandi helgi hleypt af stokkum splunkunýrri heimasíðu Miðborgarinnar okkar. Heimasíðan skartar að sjálfsgöðu skjaldarmerki Miðborgarinnar okkar sem hannað var af **Signýju Kolbeinsdóttur** en hún hannaði einnig hið nýja gjafakort. **Internetid ehf.** annaðist uppsetningu og hönnun síðunnar að öðru leyti.

Auk hefðbundinna þátta á borð við fréttir og viðburði verða fjölmargir tenglar á síðunni, m.a. á hið nýja gjafakort, inn á Miðborgar-Brand og inn á Facebook síðu Miðborgarinnar okkar en þar er vikulega dregið úr vinningum í leiknum **HAPP!**

Loksins! Loksins!

Eftir margra mánaða vandaðan undirbúning, mun nýtt **Gjafakort Miðborgarinnar okkar verða á boðstólum frá og með fyrstu viku nóvembermánaðar**. Með stórbætta virkni og glæsilegt útlit er við því að búast að hér sé á ferðinni sjóðandi heit jólagjöf, en þess er skemmt að minnast að gjafakort Kringlunnar var heitasta jólagjöf síðasta árs og seldist í 35.000 eintökum. Ólíkt fyrra gjafakorti miðborgarinnar verður ekki innheimt sérstakt stofngjald af þeim rekstraraðilum sem hyggjast veita kortinu viðtöku, en framleiðslu- og markaðskostnaði við kortið verður mætt með 3.5% gjaldi per færslu sem leggst við 1.5% gjald Reiknistofu bankanna: Heildargjald kaupmanns við hverja færslu verður því alls 5%. Kortið verður til sölu í öllum bókaverslunum miðborgarinnar: **Eymundsson í Austurstræti, Iðu í Lækjargötu, Máli og menningu á Laugavegi og Eymundsson á Skólavörðustíg**. Auk þess má nálgast kortið í **aðalútibúi Landsbankans** og í **útibúi Landsbankans að Laugavegi 77**.

Jólaskeytingar í boði!



Nú er mikilvægt að gera miðborgina okkar jólalega svo tekið verði eftir!

Undanfarin ár hefur Álfabjarg boðið skreytingar á húsin í miðborginni með jólatrjám, grenivafningum og jólaseríum sem bæði hafa glatt og fegrað.

Í ár er ætlunin að gera enn betur en það á sama verði og síðastliðin 4 ár.

Eitt tré með jólaseríu, uppsetningu og brottnámi eftir notkun kostar aðeins kr. 22.900,- Grenivafningar eru fáanlegir bæði með ekta grenivafningum og eins með gervigreni ef óskað er, allt með tilheyrandi jólaseríum og gerir fyrirtækið verðtilboð ef óskað er.

Áhugasamir geta haft samband við Fjólú Guðmundsdóttir hjá Álfabjargi í síma 552 9874 eða 862 9874. Netfangið er fjolgud@simnet.is

OPINN FUNDUR UM MIÐBORGARMÁL

Fimmtudagskvöldið 11. nóvember kl. 20.10 verður efnt til opins fundar í Ráðhúsinu um málefni miðborgarinnar.

Hugmyndin fæddist hjá Hverfisráði miðborgarinnar, en ætlunin er að hann sé öllum opin. Að undirbúningi koma Miðborgin okkar, Íbúasamtök miðborgarinnar og hin ýmsu svið borgarinnar, en meiningin er að fólki gefist kostur á að koma á framfæri á ábendingum og hugmyndum við bæði kjörna fulltrúa og embættismenn ólíkra sviða borgarinnar á fundinum. Fundarefni geta verið allt frá hreinlæti og öryggi að skipulagsmálum, útimörkuðum og jólahaldi svo eitthvað sé nefnt. *Fólk er hvatt til að fjölmenna og mæta tímanlega.*

**Fimmtudaginn
11.11. 2010
kl. 20:10**



Samkeppni um Jólagluggann 2010

Líkt og á sl. ári verður efnt til samkeppni um fallegustu gluggaútstillinguna í aðdraganda jóla 2010.

Í fyrra var það verslunin 38 þrep á Laugavegi 49 sem bar sigur af hólmi og hlaut eigandi verslunarinnar bæði verðlaun og viðurkenningu en einnig hönnuður gluggans og útstillingarinnar, Signý Kolbeinsdóttir. Markaði það upphafið að umtalsverðu starfi Signýjar í þágu miðborgarinnar, en hún er bæði höfundur skjaldarmerkis Miðborgarinnar okkar, nýja gjafakortsins og umbúðanna sem það prýða.

Allir rekstraraðilar eru hvattir til að leggja sig fram og taka þátt í samkeppninni.

Verðlaunaafþendingin fer fram í vidurvist fjölmiðla og stjórnar Miðborgarinnar okkar miðvikudaginn 22. desember kl. 15:00

Breytingar í stjórn Miðborgarinnar okkar

Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Nokkrar breytingar hafa að undanfögnu orðið á stjórn Miðborgarinnar okkar sem um þessar mundir fangnar eins árs afmæli.

Frank U. Michelsen, einn stofnenda félagsins, lét af störfum sl. sumar og við hans starfi tók um tíma *Bergljót* hjá Súfistanum. Að eigin ósk hefur hún látið af störfum. *Ragnar Simonarson* gullsmíður hefur tekið við sem deildarstjóri þessarar deildar og *Guðrún Eyjólfsson* sem varamaður. Netfangagnars er: skart@simnet.is og netfang Guðrúnar er: ulusuk@simnet.is

Deildarstjóri deildar 2 sem nær frá Vitastíg að Frakkastíg er nú sem fyrr *Magnús G. Friðgeirsson*, kenndur við Kúnigúnd og er netfang hans kunigund@kunigund.is Magnús er einn stofnenda Mið-

borgarinnar okkar og hefur verið formaður félagsins frá stofnun. Varamaður hans er sverrir@herrahusid.is

Deildarstjóri deildar 3 er nú sem fyrr *Gunnar Guðjónsson* í Gleraugnamiðstöðinni. Gunnar er einn stofnfélaga og hefur hann gegnt hlutverki gjaldkera frá upphafi. Netfang hans er gunnar@profil-optik.is Deild 3 nær frá Frakkastíg að Klapparstíg.

Deildarstjóri deildar 4, *Frank U. Michelsen*, einn stofnenda félagsins, lét af störfum sl. sumar og við hans starfi tók um hrið *Bergljót* hjá Súfistanum. Að eigin ósk hefur hún látið af starfi deildarstjóra og gerst varamaður deildarstjóra. *Dögg Hjaltsted* verslunarstjóri Máls og menningar hefur tekið við sem deildarstjóri þessarar deildar sem nær frá Klapparstíg að Bankastræti. Netfang Daggar er: dogg@bmm.is. Varamaður hennar er bergljot@sufistinn.is

Deild 5, Skólavörðustíg, er farsælega stýrt af stofnfélaganum *Jóhanni Jónssyni*, eiganda Ostabúðarinnar. Netfang hans er ostabudin@ostabudin.is og nær deildin frá Frakkastíg að Bankastræti. Varamaður Jóhannar er *Hanna Stefánsdóttir*; hannastef@gmail.com

Deild 6, Bankastræti, var upphaflega stýrt af *Guðbjörgu* eiganda Aurum sem lét af störfum fyrir á árinu sökum anna við stækkun verslunarinnar. Við tóku tveir starfsmenn Sævars Karls, þau *Hildur* og síðan *Haraldur*, en frá og með októberánuði hefur *Karl Jóhann* einmaður og meðeigandi *Guðbjargar* tekið við kyndlinum. Netfang hans er karl@aurum.is

Deild 7 sem er Kvosin, er nú sem fyrr farsælega stýrt af *Höllu Bogadóttur* sem oftast er kennd við Kraum. Hún var meðal stofnfélaga og hefur frá upphafi gegnt starfi ritara Miðborgarinnar okkar. Netfang hennar er: halla@kraum.is

Varamaður hennar er arndis@ida.is Auk þessara einstaklinga starfa í markaðsnefnd miðborgarinnar okkar þau: *María Birta Bjarnadóttir*, mariabirta@gmail.com, *Hilmar Aðalsteinsson*, hilmar@rammagerdin.is, *Finnur Ó. Thorlacius* finnur@reykjavikbags.is og *Dögg Hjaltsted*, dogg@bmm.is

Öllum þessum einstaklingum skal þakkað fyrir sín miklu, óeigingjörnu og ólaunuðu störf í þágu miðborgarinnar.

Það er hverri miðborg ómetanlegt að eiga svo marga trausta einstaklinga sem eru reidubúinir að leggja á sig vikulega fundi, aukafundi og markaðsvinnu auk mikillar ummönnumar deilda sinna.

Jakob Frimann Magnússon framkvæmdastjóri Miðborgin okkar jfm@midborgin.is sími 7 700 700



Tóla almanak 2011

TILMÆLI MIÐBORGARINNAR OKKAR
UM OPNUNARTÍMA Í DESEMBER

Miðvikudagur 1. desember kl. 10 - 18
Fimmtudagur 2. desember kl. 10 - 18
Föstudagur 3. desember kl. 10 - 18
Laugardagur 4. desember kl. 10 - 17
Sunnudagur 5. desember FRJÁLS
Mánudagur 6. desember kl. 10 - 18
Þriðjudagur 7. desember kl. 10 - 18
Miðvikudagur 8. desember kl. 10 - 18
Fimmtudagur 9. desember kl. 10 - 22
Föstudagur 10. desember kl. 10 - 22

Laugardagur 11. desember kl. 10 - 22
Sunnudagur 12. desember kl. 12 - 18
Mánudagur 13. desember kl. 10 - 18
Þriðjudagur 14. desember kl. 10 - 18
Miðvikudagur 15. desember kl. 10 - 18
Fimmtudagur 16. desember kl. 10 - 22
Föstudagur 17. desember kl. 10 - 22
Laugardagur 18. desember kl. 10 - 22
Sunnudagur 19. desember kl. 10 - 22
Mánudagur 20. desember kl. 10 - 22
Þriðjudagur 21. desember kl. 10 - 22
Miðvikudagur 22. desember kl. 10 - 22
Fimmtudagur 23. desember kl. 10 - 23
Föstudagur 24. desember kl. 10 - 12